



Umhverfis- og samgöngunefnd
Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. maí 2019

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál.

Tilv. 201905-0003

Bændasamtök Íslands fengu send til umsagnar frumvarp til laga um Þjóðgarðastofnun og þjóðgarða, 778. mál, þann 12. apríl sl. með tölvubréfi frá nefndasviði Alþingis. Frestur til að skila umsögn var veittur til 9. maí.

Í almennum athugasemdum í greinargerð með frumvarpinu segir að í skipulagi Þjóðgarðastofnunar verði lögð áhersla á valddreifingu og aðkomu sveitarfélaga að rekstri og þróun þessara svæða. Byggt verði á því fyrirkomulagi sem gilt hefur í Vatnajökulsþjóðgarði, þar sem ríki og sveitarfélög fara saman með stjórn þjóðgarðsins.

Samtökin telja jákvætt að þeim sé falið að tilnefna sinn fulltrúa í umdæmisráð, verði ákveðið að fara þá leið og styðja markmið og samráð um náttúruvernd á landsvísu. Samtökin hafa hins vegar lýst áhyggjum af því að sveitarstjórnir verði bundnar af efni stjórnunar- og verndaráætlunar við gerð skipulagsáætlana fyrir landsvæði innan þjóðgarðs, sbr. 28. gr. frumvarpsins. Að mati samtakanna þarf að ganga úr skugga um hvort frumvarpið skerðir skipulagsvald sveitarfélaga. Aftur á móti eru samtökin hlynnt því sem fram kemur í 27. gr. um heimild til að breyta stjórnunar- og verndaráætlunum. Samtökin hafa alltaf lagt áherslu á að sveitarfélög haldi stjórnunarheimildum yfir sínu landi eins og hægt er. Áhrif frumvarpsins mega ekki verða til þess að stjórnsýsla þessara mála verði þyngri í vöfum og fjarlægari heimamönnum.

Virðingarfyllst
f.h. Bændasamtaka Íslands

Guðrún Vaka Steingrímsdóttir